

80	<i>Athugasemdir :</i>	Kr.	Kr.
	Eignir landsbankans 30. júní 1887 voru:		
1.	Skuldabryf fyrir lánum:		
	a. Fasteignarveðskuldabryf . . . . .	563,816,73	
	(Þar af frá sparisjóði Reykjavíkur 207,940 kr.)		
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabryf . . . . .	47,862,48	
	(Þar af frá sparisjóði 9,532 kr. 2 a.)		
	c. Handveðsskuldabryf . . . . .	11,635,00	
	d. Skuldabryf bæja- og sveitarfjelaga . . . . .	6,700,00	
	(þar af frá sparisjóði 3000 kr.)		630,014,21
2.	Önnur skuldabryf:		
	a, konungleg ríkisskuldabryf . . . . .	141,300,00	
	b, skuldabryf Reykjavíkurkaupstaðar . . . . .	200,00	141,500,00
	(hjer af frá sparisjóði Reykjavíkur 105,800 kr.)		
3.	Víxlar . . . . .		13,950,00
4.	Peningar í sjóði . . . . .		33,802,31
		=	819,266,52
		Kr.	Kr.
	Landsbankinn hefur fengið úr landssjóði til 30. júní í sedlum .		370,000,00
	Bráðabirgðalán frá landfógeta . . . . .		40,000,00
	Eign varasjóðs var talin við árslok 1886 . . . . .		7,706,38
	Vextir og aðrar óvissar tekjur bankans $\frac{1}{1} - \frac{30}{100} 87$ . . . . .	19,313,61	
	Þar frá dragast útborgaðir vextir . . . . .	910,23	18,403,38
	Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum $\frac{30}{100} 87$ . . . . .		354,939,09
	(Við móttöku sparisjóðs voru innlögin 362,065 kr. 08 a.)		
	Varasjóður sparisjóðs 19. apríl 1887 talinn . . . . .		26,936,71
	Eptirstöðvar 30. júní af þeim 10,000 kr. sem veittar voru með lögum 18. sept. 1885 . . . . .		1,280,96
		=	819,266,52

Stjórn landsbankans í Reykjavík 9. júlí 1887.

*L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.*

81

### Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í vesturamtinu frá 20. til 22. júnímán. 1887.

Ár 1887, 20. júní átti amtsráð vesturamtsins fund með sjer að Bæ í Hrútafirði, og mætti á fundinum forseti ráðsins, amtmáður E. Th. Jónassen og amtsráðsmennirnir, sýslumaður S. E. Sverrisson og sýslunefndarmaður Hjálmur Pjetursson á Hamri.

Eptirgreind málefni voru fyrir tekin :

1. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning vesturamtsins fyrir árið 1886, og var hann yfirfarinn og athugaður, og fannst ekkert athugavert við hann. Þaræð amtsráðið var á þeirri skoðun að 69 kr. 55 a., sem taldar eru sem eptirstöðvar í Ísafjarðarsýslu 1884 og sem innistandandi hjá fyrrum sýslumanni Fensmark, mundu vera ófáanlegar, kom ráðinu saman um að fella þær úr tekjum sjóðsins í næsta árs reikningi.

2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjald vesturamtsins fyrir árið 1886, og fannst ekkert við hann að athuga. 81
3. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs vesturamtsins árið 1886, og fannst ekkert við hann að athuga.
4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, og fannst ekkert við hann að athuga.
5. Forseti lagði fram eptirgreinda sýslusjóðsreikninga:
1. Frá Barðastrandarsýslu . . . fyrir árið 1885
  2. — Ísafjarðarsýslu . . . . . — — 1886
  3. — Dalasýslu . . . . . — — 1886
  4. — Snæfellsness- og Hnappads. . — — 1886
  5. — Strandasýslu . . . . . — — 1886,
- og fannst ekkert við þá athugavert.
6. Forseti lagði fram eptirgreind eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:
1. Frá Ísafjarðarsýslu af fundi 3. til 7. marz 1887
  2. — Barðastrandarsýslu - — 5. nóvbr. 1886
  3. — Mýrasýslu - — 21. oktbr. 1886
  4. — Dalasýslu - — 15. apríl 1887
  5. — Strandasýslu af aukafundi 17. septbr. 1886 og  
— — — — — aðalfundi 16. marz 1887
  6. — Snæfellsnes- og Hnappadalss. 10. til 14. maí 1887,
- og fannst við þau ekkert sjerlegt að athuga
7. Var framlagt frumvarp til reglugjörðar fyrir Mýrasýslu, um eyðingu refa og um dýratoll, er sýslunefndin hafði sent amtsráðinu til samþykktar, og var frumvarpið samþykkt af amtsráðinu sem reglugjörð.
8. Var framlagt brjef frá hreppsnefnd Bæjarhrepps, þar sem óskað er samþykkis ráðsins til, að ákvörðun sú, í fjallskilareglugjörð Strandasýslu, að lögrjett skuli vera á Melum, verði felld úr gildi, og að Bæjarhreppi verði leyft að byggja eina rjett í miðri sveit, öðruhvoru megin við Laxá, í stað rjetta þeirra, sem eiga að vera á Melum og á Kollsá, og hafði endilegum úrslitum þessa máls verið frestað eptirráðstöfun amtsráðsins á aðalfundi 1885. Amtsráðið samþykkti þá breytingu á reglugjörð fyrir Strandasýslu um fjallskil o. fl., að eina rjett megi byggja fyrir Bæjarhrepp í miðri sveit, öðruhvoru megin við Laxá.
9. Ólafsdalsskólinn:
- a. Amtsráðið ákvað að verja skyldi til að styrkja búnaðarskólann í Ólafsdal:
1. Meðgjöf með 8 námspiltum í yngri deild, 250 kr. með hverjum, og 4  
í eldri deild, 150 kr. með hverjum . . . . . kr. 2600,00
  2. Til viðhalds á verkfærum . . . . . — 100,00
  3. — prófdómenda . . . . . — 80,00
  4. Kennslulaun handa forstöðumanni skólans . . . . . — 800,00
  5. — — — — aukakennara um vetrartímann . . . . . — 350,00
  6. Til afborgunar og vaxta á 1000 kr. láni, sem amtsráðið tók á síð-  
astl. sumri í landsbankanum til stækkunar og endurbóta á hús-  
næði handa skólanum . . . . . — 150,00
- Samtals = kr. 4080,00
- og skyldi til þessa styrks ganga:
1. Vextir af innstæðuffe búnaðarsjóðs vesturamtsins 1887 . . . kr. 430,00
- Flyt kr. 430,00

- |   |                      |
|---|----------------------|
|   | Flutt kr. 430,00     |
| 2. Búnaðarskólagjald vesturamtsins 1887 . . . . .                   | — 635,00             |
| 3. Vextir af innstæðu búnaðarskólaskóla vesturamtsins s. á. . . . . | — 350,00             |
| 4. Væntanlegur styrkur úr landssjóði, samkvæmt landshöfðingjabrjefi |                      |
| 1. febr. þ. á. . . . .  | — 2466,66            |
| 5. Aukatillag úr búnaðarsjóði vesturamtsins . . . . .               | — 198,34             |
|   | Samtals — — 408 1,00 |
- b. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Ólafsdalsskólann, er amtsráðið yfirfor og staðfesti, var forseta falið að annast um prentun reglugjörðarinnar.
- c. Var fram lagt brjef, dags. 16 þ. m. frá skólastjóra Torfa Bjarnasyni þar sem hann beiðist tilhlutunar amtsráðsins um, að hann til stækkunar húsakynna handa skólanum í Ólafsdal geti í ár fengið 1000 kr. styrk. Þar eð amtsráðið ekki hefur til umráða neitt fje til að fullnægja þessari beiðni, getur það ekki veitt hinn umbeðna styrk, en amtsráðið vill, samkvæmt beiðni skólastjóra Torfa Bjarnasonar, sem var viðstaddur á fundinum, leggja það til við landshöfðingjann yfir Íslandi, að hann vilji veita allt að 1000 kr. styrk úr landssjóði á næstkomandi ári, til þess að standast að nokkru leyti þann mikla kostnað, er þurft hefur að við hafa á síðastliðnu ári, og þarf að við hafa á yfirstandandi ári, til þess að bæta við alveg nauðsynlegum byggingum í þarfir Ólafsdalsskólans.
- d. Samkvæmt því, sem að ofan er greint, samþykkti amtsráðið 1000 kr. lántöku forseta síns næstl. ár til stækkunar húsnæðis í þarfir Ólafsdalsskólans, sbr. tölul. 7 í fundargjörðum ráðsins á síðasta aðalfundi.
10. Beiðni Guðmundar Guðmundssonar frá Hvammsdal, um styrk til að vera aukalæriveinn á Ólafsdalsskólanum yfirstandandi skólaár, gat amtsráðið ekki tekið til greina, með því öllum námsstyrk á skólanum fyrir þetta ár var þegar ráðstafað.
11. Samkvæmt lögum 4. desbr. 1886, sbr. lög 8. jan. 1886 samþykkti amtsráðið reglur, er stjórn æðarrættarfelagsins við Breiðafjörð og Strandaflóa hafði samið, og lagt undir samþykki amtsráðsins. Jafnframt var lagt fram brjef frá stjórn æðarrættarfelagsins, þar sem hún, um leið og hún óskar reglurnar staðfestar af amtsráðinu, óskar að hún nú þegar geti fengið til umráða 3000 kr. af lánsfje því, er samkvæmt lögum 4. desbr. 1886 og lögum 8. jan. 1886, er ætlað til eyðingar flugvarga á Breiðafirði og við Strandaflóa. Amtið fól forseta sínum á hendur að annast um að þessi upphæð, 3000 kr., fái útborguð úr landssjóði handa æðarrættarfelaginu, gegn ábyrgð felagsstjórnarinnar fyrir því, að fjeð verði notað eins og til er ætlað í lögnum.
12. Var fram lagt brjef frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu dags. 15. júní 1886 með fylgiskjölum þar sem itrekuð er ósk um, að amtsráðið leggi það til, að sú bæn sýslunefndar Barðastrandarsýslu, að nefndri sýslu verði með lögum skipt í 2 sýslufjelög, fái áheyrn. Amtsráðið lagði það til, að bæn þessi verði veitt, og fól forseta sínum að afgreidda málið til landshöfðingja.
13. Því næst voru fram lögð skjöl viðvíkjandi ágreiningi milli Hörðudalshrepps í Dalasýslu og Hraunhrepps í Mýrasýslu, út af kostnaði við eyðingu tóugrens, sem hreppsnefndin í fyrnefndum hreppi lét vinna sumarið 1884, í sunnanverðu svonefndu Helgufelli, og hafði sýslumaðurinn í Dalasýslu óskað álits og úrskurðar amtsráðsins um málefni þetta. Eftir hinum framlögðu skjölum málsins úrskurðaði amtsráðið, að Hraunhreppi bæri að endurgjalda hinn umrædda kostnað, að upphæð 34 kr. 50 a.

14. Var lagt fram brjef, dags. 2. þ. m., frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, þar sem farið er fram á, að amtsráðið veiti skólanum 100 kr. styrk, að minnsta kosti, fyrir yfirstandandi ár, úr jafnaðarsjóði vesturamtsins. Sakir hinna framúrskarandi áginda íbúa vesturamtsins, sá amtsráðið sjer ekki fært að veita í þetta skipti hinn umbeðna styrk.
15. Forseti skýrði frá, að hann næstl. haust hefði leyft sýslunefnd Strandasýslu að taka 4000 kr. lán til að afstýra hallæri, sömuleiðis sýslunefnd Barðastrandarsýslu að taka sömu upphæð að láni úr landssjóði til að afstýra hallæri þar í sýslu, en að síðarnefnd sýslunefnd að eins hefði tekið rúmlega 2000 kr. lán í nefndu skyni. Amtsráðið samþykkti þessar ráðstafanir forseta.
16. Amtsráðið veitti, eptir ítrekaða ósk sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu, tjeðri sýslunefnd leyfi til að taka upp á sýslusjóðinn 6000 kr. lán til þess að efla samgöngur í sýslunni, með því að koma upp gufubát.
17. Samkvæmt tilmælum sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu í brjefi dags. 4. marz þ. á., um að amtsráðið veiti samþykki til að stofnaðar verði lögferjur á fjörðum þeim, sem tilgreindir eru í brjefinu, veitti amtsráðið samþykki sitt til að stofnaðar verði lögferjur :
1. yfir Dýrafjörð, 2. yfir Önundarfjörð, 3. yfir Súgandafjörð, 4. yfir Arnarfjörð, 5. yfir Skutulsfjörð, 6. yfir Jökulfirði.
18. Forseti lagði fram brjef frá sýslunefnd Ísafjarðarsýslu, dags. 7. marz þ. á., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið vilji samþykkja 1. að vegurinn yfir Botnsheiði verði felldur úr tölu sýsluvega, 2. að allir sýsluvegir kringum Ísafjarðardjúp, frá Bolungarvík í Hólshreppi að Stað í Grunnavík einnig verði felldir úr sýsluvegatölu, og 3. að hið sama verði gjört við veginn frá Lambeyri að norðanverðu, kringum Dýrafjörð og út að Ketilseyri að sunnanverðu.
- Þar eð það sjest af fundargjörðum sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu, hvað snertir veginn yfir Botnsheiði, að ályktun nefndarinnar um að fella þennan veg úr tölu sýsluvega, er samþykkt með 7 atkvæðum gegn 6, og að skodanir manna um þetta þannig hafa verið ólíkar, þá þykir amtsráðinu ekki ástæða til að fallast á greinda ályktun sýslunefndarinnar.
- Hvað því næst viðvíkur því, að fella úr tölu sýsluvega alla þá núverandi sýsluvegi kringum Ísafjarðardjúp milli þeirra staða, sem að ofan eru tilgreindir, þá bera fundargjörðir sýslunefndarinnar með sjer, að breyting þessi er samþykkt með 8 atkvæðum gegn 6, og að nefndin því hvergi nærri hefur verið á einu máli um nytsemi þessarar breytingar, enda virðist amtsráðinu næsta ísjárvert að afnema alla sýsluvegi kring um Djúpið á ofangreindu svæði, þar sem gjöra má ráð fyrir, að hreppana vanti fje til að halda þessum vegum við í viðunanlegu standi, sem hreppavegum. Af þegar greindum ástæðum getur amtsráðið ekki fallizt á þessa ályktun sýslunefndarinnar. Þar á móti vill amtsráðið samþykkja þá eindregnu ályktun nefndarinnar, að vegurinn frá Lambeyri að norðanverðu við Dýrafjörð kringum fjörðinn út að Ketilseyri að sunnanverðu, verði felldur úr tölu sýsluvega.
19. Amtsráðið samþykkti þá uppástungu sýslunefndar Dalasýslu, að vegurinn frá Skarði á Skarðsströnd ofan í Skarðsstöðina og úr Skarðsstöðinni upp á svonefndan Grafarmel, hjer eptir skuli vera sýsluvegur.
20. Forseti lagði fram brjef frá sýslunefnd Dalasýslu, þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið vilji mæla fram með því við landshöfðingja, að hann á þessu sumri vilji veita frá 400—6000 kr. til aðgjörðar á veginum yfir Laxárdalsheiði. Amtsráðið fól

- 81 forseta að útvega hjá landshöfðingja svo mikið fje til vegagjörðar á nefndum fjallvegi á yfirstandandi sumri, sem hann sæi sjer fært að veita.
21. Þá var fram lagt brjef frá sýslunefnd Dalasýslu, dags. sama dag, þess efnis, að amtsráðið vildi hlutast til um við landshöfðingjann, að veittur yrði úr landssjóði á yfirstandandi sumri 2000 kr. til að framhalda endurbótum á aðalpóstleiðinni kringum Gilsfjörð. Amtsráðið ákvað að afgreiða málefni þetta til landshöfðingja með meðmælum sínum.
22. Forseti fram lagði brjef, dags. 23 maí þ. á., frá sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, þar sem þess er óskað, að amtsráðið hlutist sem fyrst til um, að gjört verði við fjallveginn Rauðamelsheiði. Þareð amtsráðið ekki getur búizt við, að fje verði að þessu sinni fáanlegt til viðgjörðar á nefndum fjallvegi, þá getur það eigi orðið við tilmælum sýslunefndarinnar, um að útvega fje í þessu skyni á yfirstandandi sumri.
23. Þá var lagt fram brjef, dags. 9. maí þ. á., frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem farið er fram á það, að amtsráðið leggi til, að veittar verði 150 kr. af fje því, sem í fjárlögunum er ætað til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum, í því skyni að verja því til að bæta kafla af sýsluveginum eptir Norðurárdal, þar sem Norðurá hefur gjört veginn ófæran. Amtsráðið ályktaði að vísa málefni þessu til landshöfðingja með meðmælum sínum.
24. Því næst var fram lagt brjef, dags. 14. þ. m., frá hreppsnefndinni í Reykhólahreppi, þar sem þess er óskað, að amtsráðið leggi meðmæli sín með því, að veitt verði fje úr landssjóði til endurbóta á vegakaflanum frá Kambi í Reykhólahreppi að hreppamótum Geiradals- og Reykhólahreppa. Amtsráðið ályktaði að vísa einnig þessu vegamálefni til landshöfðingja með meðmælum sínum.
25. Beiðni hreppsnefndarinnar í Geiradalshreppi í Barðastrandarsýslu um að fá 300 kr. styrk úr landssjóði til vegagjörðar á vegakaflanum frá Geiradalshyrnu að Geiradalsá, sem er aðalpóstleið, og sem sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefur mælt fram með, vildi amtsráðið skjóta til landshöfðingja með meðmælum sínum.
26. Amtsráðið samþykkti beiðni frá sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu, í brjefi dags. 7. marz þ. á., um að nýtt yfirsetukonuhjerað verði stofnað, er nái frá Hælavíkurófaru í Sljettuhreppi yfir Strandir að Geirhólma, einnig að Mýrahreppur verði gjörður að sjerstöku yfirsetukonuhjeraði.
27. Amtsráðið samþykkti úrskurð skýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu um tölu verkfærra manna í Sljettuhreppi árið 1884, sbr. tölul. 20. í fundargjörðum amtsráðsins frá næsta aðalfundi, eptir að hafa leitað ýtarlegri upplýsinga um málið.
28. Því næst var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

#### ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1888.

#### Tekjur:

1. Í sjóði og eptirstöðvar . . . . .	1000 kr.
2. Niðurjöfnun . . . . .	1050 —
	Samtals = 2050 —

#### Gjöld:

1. Til sakamála, gjafsóknarmála og lögreglumála . . .	» —
2. — bólusetninga og annara heilbrigðismála . . .	250 —
3. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja . .	300 —
4. — — amtsráðið . . . . .	400 —
	Flyt 950 —

	Flutt	950 kr.
5. Til ýmsra gjalda . . . . .	200	—
6. Ferðakostnaður . . . . .	100	—
7. Eptirstöðvar . . . . .	800	—
	Samtals =	2050 kr.

Fleiri málefni voru ekki fyrirtekin á fundinum, og var honum því næst slitið 22. júní.

*E. Th. Jónassen.*

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1886 og 1887.

13. gr. A b 6,

Á Synodus var fje það, sem getur um undir þessum lið, með sjerstöku tilliti til landshöfðingjadrjefs 5. apríl f. á. (Stjtið 1886 B. bls. 58), að viðbættum 400 kr. af vöxtum prestsekknasjóðsins, og 82 kr. 40 a. af vöxtum af sjóði af árgjöldum brauða, skipt þannig milli

A. Uppgjafapresta :		Kr.
1. Hjálmar Þorsteinsson frá Kirkjubæ . . . . .	50,00	
2. Bjarni Sveinsson frá Stafafelli . . . . .	100,00	
3. Jón B. Thararsen frá Stórholti . . . . .	82,40	
4. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal . . . . .	100,00	
5. Þórður Thorgrimsen frá Otrardal . . . . .	50,00	
6. Guðmundur G. Sigurðsson frá Gufudal . . . . .	300,00	
7. Einar Vernharðsson frá Stað í Grunnavík . . . . .	100,00	
B. Prestsekkna:		
1. Helga Guðmundsdóttir frá Eydölum . . . . .	60,00	
2. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini . . . . .	80,00	
3. Guðriður Jónsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri . . . . .	60,00	
4. Guðriður Jónsdóttir frá Ási í Fellum . . . . .	50,00	
5. Guðlaug Guttormsdóttir frá Valabjörgum . . . . .	60,00	
6. Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri . . . . .	20,00	
7. Oddný Pálsdóttir frá Kálfafellsstað . . . . .	20,00	
8. Solveig Einarsdóttir frá Prestsbakka . . . . .	50,00	
9. Solveig Einarsdóttir frá Holti . . . . .	30,00	
10. Guðín Pjetursdóttir frá Arnarbæli . . . . .	60,00	
11. Ragnheiður Jónsdóttir frá Vestmannaeyjum . . . . .	40,00	
12. Sesselja Ísleifsdóttir frá Stóranúpi . . . . .	20,00	
13. Sigríður Einarsen frá Kálfholti . . . . .	20,00	
14. Helga Pálsdóttir frá Reynivöllum . . . . .	30,00	
15. Margrjet Narfadóttir frá Glæsibæ . . . . .	60,00	
16. Sigríður Magnúsdóttir frá Viðvík . . . . .	50,00	
17. Vilhelmina Steinsen frá Árnesi . . . . .	120,00	
18. Kristín Thorlacius frá Saurbæ . . . . .	80,00	
19. Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ . . . . .	100,00	
20. Lilja M. K. Ólafsdóttir úr Mýrdalsþingum . . . . .	40,00	
21. Halldóra Jónasdóttir frá Hvammi . . . . .	50,00	
22. Anna Guðmundsdóttir frá Helgafelli . . . . .	50,00	
23. Margrjet Sigurðardóttir frá Hitardal . . . . .	30,00	
24. Ingbjörg Helgadóttir frá Vatnsfirði . . . . .	30,00	
25. Guðlaug Eiríksdóttir frá Reynivöllum . . . . .	30,00	
26. Halldóra Jónsdóttir úr Nesþingum . . . . .	70,00	
27. Margrjet Magnúsdóttir frá Hvammi . . . . .	40,00	
		Flýt 2132,40